

**Ed.**

**338. Nefndarálit**

[30. mál]

um frv. til l. um iðnaðarmálastjóra og framleiðsluráð.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar.

Nefndin gat ekki orðið sammála; minni hlutinn vildi láta samþykkja frumvarpið, að vísu með breytingum, sem þó voru ekki ræddar sameiginlega af nefndarmönnum. Minni hl. taldi það óeðlilega afgreiðslu á máli, að ráðherra skipaði nefnd til að gera um það tillögur og sú nefnd skilaði málinu til þingnefndar, en ekki til ráðuneytisins, en svo var gangur málsins hér. Hann óskaði því ákveðið að fá að vita, hvað ríkisstjórnin legði til málanna. Munnleg skilaboð bárust um það frá atvinnu-  
málaráðherra, að hann vildi ekki, að málið næði fram á þessu þingi, og hefur þá væntanlega viljað láta athuga málið betur af ríkisstjórninni allri.

Minni hl. er sammála meiri hl. um það, að iðnaðurinn þurfi að fá stofnun, sem geti liðsinnt og ráðlagt við framkvæmd iðnaðarmála, bæði þegar einstaklingar eiga í hlut og hálf- eða alopínberir aðilar. Á vegum sameinuðu þjóðanna hefur verið komið á fót stofnun, sem ætlað er að leiðbeina þeim þjóðum og einstaklingum, er þess óska, um allt, er lýtur að iðnaðarmálum og iðnrekstri. Þar sem iðnaður allur er minna staðbundinn og breytilegur eftir löndum en annar atvinnurekstur, telur minni hl. rétt að athuga, hvort og að hve miklu leyti stofnun þessi gæti komið okkar iðnaði að notum, áður en komið er upp hér stofnun, sem ætlað er sama verkefni fyrir okkur og hinni fyrir margar þjóðir.

Minni hl. telur því eðlilegt, að ríkisstjórnin athugi málið og afli upplýsinga um, að notum, áður en komið er upp hér stofnun, sem ætlað er sama verkefni fyrir frumvarpið er samþykkt. Vegna þessa leggur hann til, að málinu sé vísað til ríkisstjórnarinnar.

Alþingi, 9. des. 1950.

Páll Zóphóniasson,  
frsm.

Rannveig Þorsteinsdóttir,  
fundaskr.